

*Sveitarstjórn Dalabyggðar*

*Bt. Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri*

Forstjóri Samkaupa, framkvæmdastjóri verslunar- og mannauðssviðs Samkaupa og rekstrarstjóri Krambúða og Kjörbúða funduðu með Bjarka Þorsteinssyni sveitarstjóra og meðlimum sveitastjórnar þann 11. október í húsnæði sveitastjórnar Dalabyggðar.

Stjórnendur Samkaupa eru ánægð að hafa átt fund með sveitarstjórn Dalabyggðar þar sem ræddar voru áskoranir sem hafa borist frá sveitarstjórn Dalabyggðar ásamt þeim rekstrarlegu áskorunum sem verslunin stendur frammi fyrir. Ræddar voru leiðir til að koma betur á mótis við heimamenn í samfélaginu. Ákall var eftir að lækka vöruverð á helstu nauðsynjavörum og hvort að tækifæri væru fyrir lágvöruverslun á svæðinu.

Samkaup hefur ávallt lagt áherslu á að þjónusta landsbyggðina vel og vera fyrsti kostur fólks í heimabyggð. Eins og fram hefur komið er ekki talinn rekstrargrundvöllur fyrir Kjörbúð á svæðinu, en komið til móts við fjölbreyttan viðskiptavinahóp með því að starfrækja Krambúð í Dalabyggð. Það ber að koma fram að lykilmarkmið Samkaupa er að hver verslun sé sjálfbær í rekstri.

Samkaup hefur ákveðið að setja af stað sértækar aðgerðir til að mæta þörfum heimamanna í gegnum vildarkerfi Samkaupa. Þar munu íbúar Dalabyggðar verða gefinn kostur á að versla helstu lykilverur heimilsins á lágvöruverði í gegnum vildarkerfið. Ásamt því að kynna enn betur þær vörur sem Samkaup hefur nú þegar lækkað í versluninni og eru á lágvöruverði s.s. allar Anglamark vörur, Coop vörur og Xtra vörur. Þær sértæku verðlækkarnir fyrir íbúa Dalabyggðar eru með því markmiði að hvetja íbúa til að versla í heimabyggð. Til að gera þetta að veruleika þarf Samkaup að stuðla að tæknilegri breytingu á Samkaupa-appinu og er áætluð tímalína þar um 10 vikur. Meðfram þessari breytingu mun Samkaup einnig stuðla að aukinni markaðsetningu til heimamanna á svæðinu, miðla upplýsingum betur um hvaða vörur eru á lágvöruverði ásamt því að bjóða fram kennslu og þjálfun þegar kemur að appinu, allt með það að markmiði að stuðla að aukinni vitund heimamanna.

Við stjórnendur Samkaupa einsetjum okkur að hlusta á samfélögin sem við störfum í og heyrum að íbúar í Dalabyggð vilja að gripið sé til aðgerða. Við ætlum að halda samtalinu áfram við sveitarstjórnina og íbúa svæðisins og erum vongóð að með þessum aðgerðum séum við að nálgast farsæla lendingu í þessum málum.

Við erum þakklát fyrir gott og heiðarlegt samtal.

*Með kveðju,*

*Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa*

*Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar – og mannauðssviðs*

*Haukur Benediktsson, rekstrarstjóri Krambúða og Kjörbúða*